

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, 5. og 6. áfangi íbúðarbyggðar á Völlum og athafnasvæðin Selhraun norður og suður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. febrúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Afmörkun svæða í Selhrauni vestan Ásbrautar breytast (Selhraun norður og suður). Landnotkun svæðisins norðan Hraunhelli breytist úr miðsvæði í athafnasvæði og landnotkun sunnan Hraunhelli breytist úr blandaðri landnotkun verslunar- og þjónustu og iðnaðarsvæðis í athafnasvæði. Athafnasvæðin tengjast umferðarkerfinu um Ásbraut, Hraunhelli og Krýsuvíkurveg.
- Skilgreint er opið svæði til sérstakra nota í miðju hverfisins, ósnert hraun.
- Gert er ráð fyrir lóð fyrir þjónustustofnanir.
- Meginönguleiðir breytast.
- Lega Klukkuvalla sunnan hverfisins breytist. Engjvellir milli Krýsuvíkurvegar og Ásbrautar breytast í tengibraut.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.